



Reykjanesbær, 30. ágúst 2022

Fundargerð

162. fundur íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, þriðjudaginn 30. ágúst 2022 kl. 16.00.

Viðstaddir: Sindri Kristinn Ólafsson varaformaður, Eva Stefánsdóttir, Hjördís Baldursdóttir, Birgir Már Bragason og Marta Sigurðardóttir.

Friðþjófur Helgi Karlsson boðaði forföll, Eva Stefánsdóttir sat fundinn.

Að auki sátu fundinn Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs, Rúnar Vífill Arnarson formaður ÍRB og Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Skipting embætta í íþróttá- og tómstundaráði (2022060216)

Á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 7. júní voru eftirtaldir kjörnir aðal- og varafulltrúar í íþróttá- og tómstundaráði kjörtímabilið 2022-2026:

Tilnefnd eru sem aðalmenn: Friðþjófur Helgi Karlsson (B), Hjördís Baldursdóttir (D), Sindri Kristinn Ólafsson (S) Birgir Már Bragason (Y) og Marta Sigurðardóttir (S) og voru þau sjálfkjörin.

Tilnefnd eru sem varamenn: Eva Stefánsdóttir (B), Svava Ósk Svansdóttir (S), Davíð Már Gunnarsson (Y), Magnús Einþór Áskelsson (S) og Alexander Ragnarsson (D) og voru þau sjálfkjörin.

Íþróttá- og tómstundaráð kaus í eftirtalin embætti:

Friðþjófur Helgi Karlsson var kjörinn formaður íþróttá- og tómstundaráðs.
Sindri Kristinn Ólafsson var kjörinn varaformaður íþróttá- og tómstundaráðs.
Birgir Már Bragason var kjörinn ritari íþróttá- og tómstundaráðs.

Samþykkt samhljóða.



2. Erindisbréf íþróttá- og tómsundaráðs (2022060217)

Erindisbréf íþróttá- og tómsundaráðs lagt fram.

3. Fimleikadeild Keflavíkur - beiðni um aðstoð (2021100305)

Aníta Gunnlaugsdóttir rekstrarstjóri, Edda Pálsdóttir meðstjórnandi og Linda Hlín Heiðarsdóttir formaður Fimleikadeildar Keflavíkur mættu á fundinn og fylgdu úr hlaði erindi deildarinnar um kaup á dýnum sem gætu nýst deildinni við að þjónusta börn í t.d. íþróttahúsinu við Stapa- og Háaleitisskóla. Áætlaður kostnaður er 5.754.000 kr. Að auki er nauðsynlegur aukinn rekstrarstyrkur þar sem rekstur deildarinnar er afar þungur.

Íþróttá- og tómsundaráð þakkar fyrir góða kynningu. Ráðið hefur ekki fjármuni í þetta verkefni í núverandi fjárhagsáætlun. Málinu er vísað til vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Ráðið leggur mikla áherslu á að ráðist verði í kaup á dýnum er nýttast fyrir starf Fimleikadeildar Keflavíkur og að reynt verði eftir fremsta megni að aðstoða við starf deildarinnar.

4. Frístundir.is (2022030500)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómsundafulltrúi kynnti vefinn frístundir.is. Þar eru fjölbreytt íþróttá- og tómsundatilboð kynnt fyrir bæjarbúum.

5. Hæfingarstöð - Reykjanesbær og Máni (2022021105)

Kynning á metnaðarfullu samstarfsverkefni Hæfingarstöðvarinnar, Mána og Reykjanesbæjar lögð fram. Forsvarsfólki Hæfingarstöðvarinnar og Hestamannafélagsins Mána þakkað fyrir vel unnin störf.

6. Samningur við NES íþróttafélag (2022080593)

Lagður fram og samþykktur.

7. Kynning frá Skátafélaginu Heiðabúum (2022060401)

Sandra Óskarsdóttir frá Skátafélaginu Heiðabúum kynnti metnaðarfullt starf félagsins. Íþróttá- og tómsundaráð Reykjanesbæjar þakkar fyrir góða kynningu og gott starf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00.